

7.bekkur dans

Kennarar: Rósa Rún Aðalsteinsdóttir

Lýsing

Dansmenntun örvar og þroskar líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfgreind nemandans.

Dans, sem skilgreint og skapandi form byggir að miklu leyti á samvinnu og er því í sjálfu sér þjálfun í félagslegri færni.

Í líkamanum býr þekking og skilningur á veruleikanum sem í sumum tilfellum er eingöngu hægt að tjá í gegnum hreyfingu. Skapandi og listræn vinna í dansi veitir nemendum tækifæri til að koma þessari þöglu þekkingu á framfæri.

Markmið

Dansmenntun örvar og þroskar líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfgreind nemandans.

Í 7.bekk er lögð áhersla á dansinn sem skapandi form, sem byggir að miklu leyti á samvinnu.

Nemendur vinna sjálfstætt og í hópi að skapandi og listrænu dansverki.

Kennsluaðferðir

Kennari notar skapandi og listrænar kennsluaðferðir í dansi; sýnikennsla, hópavinnubrög, samræðuaðferðir, kynningar og hugarflug svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Símat, verkefni og vinnubækur.

Sviðslistir fyrir 5.- 7. bekk - Dans

- Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.
- Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisisvenjum í dansi.
- Rætt um dans út frá persónulegri upplifun.
- Dansað grunnspar í paradönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.
- Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.
- Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.